

63
9. okt.

**Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslu-
mannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, um endurgreiðslu
sveitarstyrks.**

Borgarstjórinn í Reykjavík hefir skotið hingað úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 20. ág. s. l., sem ákveður, að Helgafellssveit skuli vera laus við að endurgreiða kaupstaðnum $\frac{2}{3}$ hluta af 75 krónum, sem borgarstjórinn telur veittar sem sveitarstyrk stúlkunni Guðrúnu Karólínu Pálsdóttur, sveitlægri í Helgafellssveit.

Kvennmaður þessi, sem er fædd 1899, rjeðist sem hjú með umsömdu kaupi til Guðmundar nokkurs Guðmundssonar Norðdahl, sem skilinn er við konu sína að borði og sæng 1923 og sveitlægur í Reykjavík. Úr samveru þeirra Guðmundar og Guðrúnar Karólínu rættist þannig, að þau hafa gert með sjer fjelagsbú og heitið að styðja hvort annað eftir mætti, sbr. m. a. rjettarskýrslu tekna 18. og 19. f. m. Þau eiga ekki afkvæmi saman. Í febrúarmánuði þ. á. lagðist Guðmundur rúmfastur í brjósthimnubólgu og beiddist þá sveitarstyrks; var hann veittur þannig, að helmingur styrksins, 75 krónur, var talinn veittur Guðrúnu Karólínu og það bygt á framangreindum fjelagsskap þeirra.

Þar sem styrksþörfin stafar eingöngu af vanheilsu Guðmundar sjálfs, er ekki heimild til þess að telja styrkinn jafnframt veittan Guðrúnu Karólínu, sem er ófötluð, heilsugóð og fullvinnandi, enda styrkurinn ekki veittur vegna sameiginlegra framfæringa þeirra eða ómegðar, og er skírskotun borgarstjóra til stjórnarráðsúrskurða málsstað sínum til stuðnings, sbr. brjef hans til yðar, dags. 8. apríl þ. á. bygd á misskilningi hans.

Samkvæmt framansögðu á úrskurður yðar að niðurstöðu til að standa óhaggaður.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Helgafellssveitar.